

umhverfis- og skipulagsráð 30. október 2024:

Lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir upplýsingum um eignina Bjarnaborg, Hverfisgötu 83 og hver sé staðan á henni í ljósi þess að eignin virðist liggja undir skemmdum. Hefur eignin fengið nýja eigendur?

Hver er áætlun um eignina til skemmri og lengri tíma? Hér er um merka byggingu sögulega séð að ræða og það kemur borgarbúum við hvernig höndlað er með slíka byggingu.

Greinargerð

Húsið hefur verið í góðu ástandi hjá síðasta eiganda sem endurbyggði húsið á árunum 1987-1990 í að því Flokkur fólksins skilst í góðu samstarfi við Reykjavíkurborg og eftir endurhönnun Guðrúnar Jónsdóttir og Knúts Jeppesen arkitekta. Húsið hefur verið í sölu núna í langan tíma. Sárast er að sjá ástand þessa húss og hvernig það er að grotna niður. Óskað er upplýsinga um stöðu mála.